Ábyrgðarmaður
Ásdís Kristjánsdóttir
Netfang: asdis.kristjansdottir@arionbanki.is

Fyrirvari

Efni og innihald þessarar útgáfu er unnið af starfsmönnum Greiningardeildar Arion banka hf. Greiningardeild styðst þar við upplýsinga- og fréttaveitur, innlendar og erlendar, sem hún telur áreiðanlegar ásamt eigin úrvinnslu og mati á opinberum upplýsingum. Arion banki hf. tekur hvorki ábyrgð á nákvæmni upplýsinganna né viðskiptum sem byggð eru á þeim. Í því sambandi er bent á að umfjöllun greiningardeildar getur verið stytt útgáfa viðameiri greininga og rannsókna og forsendur á fjármálamörkuðum breytast ört. Ráðgjöf og spár greiningardeildar geta því breyst án fyrirvara en þær endurspegla skoðanir starfsmanna greiningardeildar á þeim tíma sem þær eru settar fram. Þeim sem hafa hug á viðskiptum er bent á að hafa samband við sérfræðinga Arion banka hf. áður en ákvörðun er tekin.

Samantekt

Fyrir rúmu ári síðan, þegar umræða um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu stóð sem hæst, gaf greiningardeild Arion banka út ítarlega skýrslu um sjávarútveginn. Til viðbótar við greiningu á áhrifum hinna tillögðu breytinga var í ritinu leitast við að draga upp sem fyllsta mynd af þróun og stöðu greinarinnar og þýðingu hennar fyrir íslenskt hagkerfi. Hér gefur að líta aðra útgáfu skýrslunnar, en hún hefur nú verið uppfærð, auk þess sem nýju efni hefur verið bætt við.

Sjávarútvegurinn hefur verið ein af undirstöðum íslensks hagkerfis í marga áratugi. Greinin hefur að meðaltali lagt til um 12% til landsframleiðslu Íslands á ári hverju, 25% ef tekið er mið af framleiðslu hins svokallaða sjávarklasa. Rannsóknir benda til þess að ef tekið er tillit til afleiddra starfa af sjávarútvegi þá skapi greinin um 15% starfa á Íslandi. Lengi vel voru sjávarafurðir ein helsta útflutningsvara Íslendinga og nam útflutningur á fiski um helmingi af heildarútflutningsverðmæti um síðustu aldamót. Hlutfallið lækkaði þegar leið á áratuginn og í dag eru sjávarafurðir um fjórðungur af útflutningsverðmæti Íslendinga.

Hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu minnkaði hratt upp úr aldamótunum en hefur tekið við sér á ný og var rétt undir meðaltali síðustu þriggja áratuga árið 2011, eða rúmlega 10% af landsframleiðslu. Þróun síðustu fjögurra ára gæti verið til marks um viðsnúning í stöðu sjávarútvegs innan íslensks samfélags eftir breyttar aðstæður í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008.

Þótt markaðsaðstæður hafi verið hagfelldar eftir efnahagshrunið, og verð á mörkuðum hækkað stöðugt, er þó ekki á vísan að róa um frekari verðhækkanir vegna efnahagsástands í helstu viðskiptalöndum Íslands og framboðsaukningar á mikilvægustu afurð sjávarútvegsins á alþjóðavísu; þorsks.

Frá innleiðingu kvótakerfisins, um miðjan níunda áratuginn, hefur arðsemi í sjávarútvegi aukist, en fyrir þann tíma var atvinnugreinin að jafnaði rekin með tapi. Samkeppni jókst innan greinarinnar samhliða því sem að aðgangur að fiskveiðiauðlindinni var takmarkaður en í kjölfarið hefur hagkvæmni í rekstri og samþjöppun sjávarútvegsfyrirtækja stóraukist og framleiðni með.

Mikill bati varð á afkomu greinarinnar og umtalsverð renta skapaðist, að hluta vegna hagkvæmari nýtingar auðlindarinnar, en einnig vegna aukinnar virðissköpunar í rekstri. Varð þá ljóst að sjávarútvegurinn var í stakk búinn til að standa undir aukinni gjaldtöku, en frá miðjum síðasta áratug hefur greinin greitt veiðigjald, sem var árið 2010 orðið jafnhátt og aðrar skattgreiðslur greinarinnar samanlagðar. Með nýjum lögum um veiðigjald, sem samþykkt voru síðasta sumar, munu greiðslur sjávarútvegsins til hins opinbera margfaldast.

Offjárfesting í skipum og öðrum rekstrarfjármunum hafði löngum komið í veg fyrir aukna hagræðingu í greininni. Sóknarstýring, sem var beitt áður en núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á, fól í sér að veiði var leyfð á ákveðnum dögum og að jafnaði lögðu menn allt í sölurnar til að fá sinn skerf af auðlindinni innan hins takmarkaða tímaramma. Samhliða aukinni samþjöppun í sjávarútvegi með nýju fiskveiðistjórnunarkerfi þá minnkaði fjárfesting í greininni.

Með aukinni markaðsvæðingu í sjávarútvegi, eftir að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á fót, hefur skuldsetning aukist í greininni sem og fjárfesting sjávarútvegsfyrirækja utan greinarinnar. Sjávarútvegurinn hefur sætt mikilli gagnrýni vegna þessarar þróunar. Í því samhengi er mikilvægt að benda á að sjávarútvegsfyrirtækjum eru skorður settar þegar kemur að vexti innan greinarinnar þar sem fiskistofnar eru takmörkuð auðlind. Aukin arðsemi í kjölfar hagræðingar hefur því stundum verið nýtt til nýrra fjárfestinga utan greinarinnar. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru hins vegar mikið skuldsett og hafa átt erfitt með að standa undir afborgunum lána. Eitt er þó víst, að ekki er hægt að skipa öllum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í sama flokk þegar kemur að arðsemi og skuldsetningu.

Í öðrum löndum, s.s. Noregi og í löndum Evrópusambandsins, er tæpast hægt að kalla sjávarútveginn undirstöðuatvinnugrein þar sem hlutfall tekna úr sjávarútvegi af landsframleiðslu í þeim löndum er óverulegt. Þessi atvinnugrein er því Íslendingum mjög mikilvæg. Innan ESB, og í Noregi, hefur hlutverk sjávarútvegsins fyrst og fremst verið að skapa atvinnu, fremur en að áhersla hafi verið lögð á sjálfstæði atvinnugreinarinnar og aukna arðsemi. Á Íslandi gegnir sjávarútvegurinn hins vegar stóru hlutverki á báðum vígstöðvum, á vinnumarkaði og með framlagi sínu til landsframleiðslu.

Efnisyfirlit – I. hluti


Samantekt ... 1
Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið ... 4
Þróun kerfisins og afli á Íslandsmiðum ... 4
Horfur á erlendum fiskmörkuðum ... 7
Eftirspurn ... 7
Framboð ... 9
Störf í sjávarútvegi ... 10
Útflutningur & framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu ... 11
Fjármunamyndun samhliða aukinni samþjöppun ... 13
Úthlutaður kvóti eftir landshlutum ... 16
Stærstu fyrirtækin ... 20
Arðsemi & skuldir í sjávarútvegi ... 21
Skuldastaða minni & stærri fyrirtækja ... 23
Fjárfestingar - fyrir & eftir eignaverðshækkanir ... 25
Ráðstöfun fjármagns ... 29
Framlag sjávarútvegs til ríkissjóðs ... 31
Veiðigjald ... 31
Fyrir árið 2012 ... 31
Eftir árið 2012 ... 32
Auðlindarentan ... 33
Skattgreiðslur sjávarútvegs ... 35
Umhverfis- og auðlindaskattur ... 35
Tekju- og eignaskattur ... 35
Sjávarútvegur og aðrar greinar ... 37
Samanburður á íslenskum & erlendum sjávarútvegi ... 39
Ísland & ESB ... 39
Ísland & Noregur ... 41
Afli við Íslandsstrendur og heimsaflinn ... 42
Ýmis hugtök ... 43
Heimildir ... 44

Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið

Þróun kerfisins og afli á Íslandsmiðum

Við upphaf 20. aldarinnar lýstu Íslendingar yfir þriggja sjómílna landhelgi. Hálfri öld síðar, árið 1952 var landhelgin færð út um eina sjómílu. Fljótlega varð ljóst að margir fiskveiðistofnar við strendur landsins voru undir miklu álagi vegna veiða erlendra skipa. Hörð barátta Íslendinga fyrir yfirráðum yfir fiskimiðum sínum skilaði sér í stækkandi landhelgi, sem var færð út í 12 sjómílur árið 1958 og 50 sjómílur árið 1972. Barátta Íslendinga á alþjóðavettvangi fyrir rétti strandþjóða yfir fiskimiðum sínum skilaði sér loks að fullu árið 1976 þegar íslenska fiskveiðilandhelgin var færð út í 200 sjómílur. Útfærslur íslensku fiskveiðilandhelginnar áttu sér þó ekki stað mótstöðulaust, samanber þorskastríð síðustu aldar, en deilurnar voru leystar formlega með alþjóðlegum samningum.

Eftir stækkun landhelginnar í 200 sjómílur á miðjum áttunda áratugnum voru settar nýjar reglur í sjávarútvegi um meðferð afla, fiskvinnslu og umgengni við nytjastofna. Síðan þá hafa ákvarðanir um heildarafla fyrst og fremst byggst á ráðgjöf fiskifræðinga. Fyrstu takmarkanir á afla voru á humri, rækju og hörpudiski á árunum 1973-1974 og ári síðar var skipum úthlutað aflamarki í síld. Í byrjun níunda áratugarins hófst úthlutun aflamarks á einstök skip til loðnuveiða.




Mynd 1
Heimild: Hagstofa Íslands

Eftir ítrekaðar viðvaranir Hafrannsóknarstofnunar á áttunda áratugnum, vegna minnkandi þorskstofns, komst skrið á umræðu um takmarkanir á heildarafla og veiðar á botnfiski. Í kjölfarið var gripið til sóknartakmarkana og svokölluðu skrapdagakerfi komið á. Núverandi kvótakerfi var síðan komið á fót árið 1984 þegar úthlutun aflamarks í botnfiski til skipa hófst. Hlutdeild í heildarafla landsmanna var skipt á skip miðað við aflareynslu þeirra síðustu þrjú árin fyrir tilkomu kerfisins. Ári síðar var sóknarmarkskerfi komið á í botnfiskveiðum en þeim útgerðum sem kusu það fremur en aflamarkskerfið var leyft að starfa samkvæmt fyrirkomulaginu. Heildstæð lög um stjórn fiskveiða voru þó ekki sett fyrr en í byrjun tíunda áratugarins. Samkvæmt lögunum ræðst kvóti skips á hverju fiskveiðiári af leyfðum heildarafla í einstökum tegundum og hlutdeild skipsins í heildaraflanum. Árið 1991 var framsal aflaheimilda leyft.[1]

[1] Sjávarútvegsráðuneytið (2011a)

Skynsamleg fiskveiðistjórnun er mikilvæg fyrir sjávarútveginn sem og þjóðarbúið í heild. Fiskveiðar geta verið afar ábatasamar en nauðsynlegt er að stuðla að ákveðnu jafnvægi svo að vaxtargeta stofnanna skerðist ekki til lengri tíma. Hámarksafli hefur verið skilgreindur lengi vel en þegar núverandi kvótakerfi var komið á var markmiðið fyrst og fremst að auka hagkvæmni og arðsemi veiðanna, um leið og mögulegt var að koma í veg fyrir ofveiði.


Í dag nemur heildarafli um 1.150 þúsund tonnum en heildarafli á Íslandsmiðum síðastliðin 50 ár hefur að meðaltali verið rúmlega 1.300 þúsund tonn á ári og fór hæst í 2.200 þúsund tonn árið 1997. Aukin uppsjávarveiði hefur oft á tíðum leitt til aukningar í heildarafla, en loðnuafli fór minnkandi upp úr aldamótunum. Á sjöunda áratugnum jókst síldarveiði og mikil aukning varð í loðnuveiði á áttunda, níunda og tíunda áratugnum, ef frá eru talin árin 1981 og 1991.



Mynd 2
Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka


Þrátt fyrir að í dag sé heildarafli á Íslandsmiðum umtalsvert minni en hann var hér á árum áður þá er hið sama ekki hægt að segja um aflaverðmæti. Aflaverðmæti mælt í krónum hélst tiltölulega stöðugt á árunum 1997-2007. Á síðustu fjórum árum hefur aflaverðmæti hins vegar hækkað talsvert en það mældist 153 ma. kr. árið 2011. Aflaverðmæti miðast við verðmæti fisksins upp úr sjó og ræðst m.a. af framboði sem hefur áhrif á meðalverð fisks á innlendum markaði. Afli hefur dregist saman á síðustu árum eins og sjá má á mynd 1, og hefur í raun farið minnkandi síðan um aldamótin, ef frá er talin aukning í loðnuafla árið 2007 sem hafði áhrif á heildarafla í tonnum talið. Á sama tíma hafa þorskígildi helstu botnfisktegunda hækkað talsvert, sem þýðir að markaðsverð á fiski hefur hækkað mikið. Þetta skýrir aukið aflaverðmæti síðustu ára þrátt fyrir minni heildarafla.

Líkt og sjá má á verðvísitölu sjávarafurða er afurðaverð, mælt í einingunni SDR sem er eins konar gengisvísitala sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar, meira en helmingi hærra í dag en það var í upphafi aldar. Verðið hefur hækkað nokkuð undanfarin þrjú ár eftir að hafa tekið á sig högg í kringum efnahagskreppuna 2009. Samhliða því sem verð á erlendum mörkuðum hefur haldist hátt þá hefur veiking krónunnar leitt til þess að aflaverðmæti í krónum talið hefur ríflega tvöfaldast frá því kreppan skall á hér á landi fyrir fjórum árum. Veiking krónunnar hefur ekki jafn afdrifarík áhrif á rekstur fyrirtækja í greininni þar sem kostnaður þeirra er að stórum hluta tengdur eða í erlendum gjaldmiðlum. Hins vegar hefur lágt raungengi stuðlað að bættri samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja, þar á meðal fyrirtækja í sjávarútvegi.



Mynd 3
Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka


Þó að stærstur hluti aflans skili sér til vinnslu innanlands þá er aflaverðmæti þess fisks sem fluttur er óunninn úr landi mun hærra en verðmæti fisksins sem unninn er hérlendis. Þetta sést glögglega á mynd 4 en ljóst er að verðmæti útflutts afla til vinnslu er talsvert stærra hlutfall af heildarverðmæti en hlutur þess afla í heildarafla í tonnum talið. Ástæðan er sú að verðmætustu fisktegundirnar hafa verið fluttar út til vinnslu erlendis á undanförnum árum, t.a.m. þorskur, ýsa og karfi.



Mynd 4
Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur á erlendum fiskmörkuðum

Líkt og fram hefur komið hefur verð á erlendum fiskmörkuðum hækkað nokkuð stöðugt í erlendri mynt eftir snarpa dýfu í kringum hrunið, þegar eftirspurn á erlendum mörkuðum dróst saman. Verðið lækkaði lítið eitt skömmu eftir síðustu áramót, en hefur síðan tekið við sér, og hefur ekki verið hærra í meira en áratug. Það er því freistandi að líta bjartsýnum augum á horfur um útflutning sjávarafurða – en er á vísan að róa um að aðstæður verði áfram jafn hagstæðar?




Mynd 5
Heimild: Hagvísar Seðlabankans

Eftirspurn

Flestar nýjar spár benda til þess að batinn í efnahagslífi Vesturlanda verði veikari á næstu árum en búist var við framan af ári. Einkum eru það himinháar skuldir sem kalla á skattahækkanir og niðurskurð erlendra ríkissjóða, sem ættu að öðru jöfnu að hafa neikvæð áhrif á eftirspurn ríkjanna eftir innflutningi, þar á meðal fiskafurðum Íslendinga.


Í nýjustu hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er þróuðum ríkjum Evrópu, mikilvægasta markaðssvæði sjávarútvegsins, spáð 0,3% samdrætti á þessu ári og aðeins 0,4% hagvexti á því næsta. Bretlandi, stærsta einstaka innflytjanda íslenskra sjávarafurða, er spáð 0,4% samdrætti á þessu ári og 1,1% hagvexti á því næsta, en horfurnar voru um hálfu prósenti skárri í sumarspá sjóðsins. Ofan á það leggst að viðkvæmt ástand á fjármálamörkuðum í Evrópu, einkum á jaðarsvæðum, getur leitt til þess að innflytjendur eigi erfitt með að fá lánafyrirgreiðslu, sem gæti enn dregið úr eftirspurn eftir íslenskum fiski.



Mynd 6
Heimild: Hagstofa Íslands

Almennt er mjög skýr fylgni milli matvæla- eða hrávöruverðs og almennra skilyrða í efnahagslífinu. Matvælaverð á heimsvísu hefur raunar verið nokkuð hátt í ár miðað við þá skýjabakka sem hrannast hafa upp yfir efnahagslífi Vesturlanda. Það skýrist af því að óhagstæð veðurskilyrði hafa valdið uppskerubresti á mörgum fæðutegundum. Því er ekki fyrir að fara hvað sjávarafurðir áhrærir (þvert á móti, líkt og fjallað er um í næsta hluta), svo þrýstingur á viðskiptakjör okkar gæti aukist í nálægri framtíð.


Á móti kemur að öflugur hagvöxtur í nýmarkaðsríkjum, einkum í Afríku og Asíu, vinnur á móti veikari skilyrðum á Vesturlöndum og styður við matvælaverð. Þetta gæti jafnframt átt við íslenskar fiskafurðir, en útflutningur sjávarafurða til nýmarkaðsríkja hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, og mun meira en til landa innan EES svæðisins svo dæmi sé tekið. Rússland er mesti hástökkvarinn, en landið er nú fjórði stærsti innflytjandi sjávarafurða frá Íslandi. Þá er hlutur Nígeríu jafnframt tiltölulega stór, en vöxtur hefur einnig verið í innflutningi margra ríkja Asíu þótt hann nemi enn aðeins brotabroti af heildarútflutningi sjávarafurða. Tækifæri gætu legið í enn frekari sókn á þessa markaði.



Mynd 7
Heimild: Hagstofa Íslands

Framboð


Allt útlit er fyrir að framboð af Atlantshafsþorski úr Barentshafi muni aukast hressilega vegna aukningar aflamarks, einkum í Noregi og Rússlandi. Alls gæti þorskaflinn því aukist um 250 þúsund tonn, sem er meira en úthlutað aflamark á Íslandi. Jafnvel þótt tillaga Hafrannsóknar-stofnunar um aukningu í aflamarki þorsks úr 177 þúsund tonnum í 196 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári geti dregið úr áhrifum þessa á afkomu útgerðarinnar, er ljóst að hin mikla framboðsaukning í þorskinum mun setja neikvæðan þrýsting á verðið á alþjóðamörkuðum.



Mynd 8
Heimild: Norska sjávarútvegsráðuneytið

Störf í sjávarútvegi

Hlutfall starfa í sjávarútvegi af heildarstörfum á Íslandi hefur farið minnkandi á síðustu áratugum. Tæplega 12% þjóðarinnar störfuðu við sjávarútveg árið 1994 en lægst fór hlutfallið í 4% árið 2008. Síðan þá hefur störfum í sjávarútvegi fjölgað á ný og í dag eru um 9.000 manns starfandi í greininni, eða rúmlega 5% af heildarvinnuafli. Flest starfanna eru utan höfuðborgarsvæðisins, en um 80% þeirra sem starfa í greininni eru búsett á landsbyggðinni. Hlutfallið hefur lítið breyst á síðustu 20 árum, en undanfarna tvo áratugi hafa 84% starfa í sjávarútvegi að jafnaði verið á landsbyggðinni.



Mynd 9
Heimild: Hagstofa Íslands

Nýleg rannsókn[2] á óbeinu framlagi sjávarútvegs til atvinnusköpunar bendir hins vegar til þess að mun fleiri störf megi flokka til starfsemi sjávarútvegsins en tölur um starfandi í greininni gefa til kynna. Þá er tekið tillit til þess hve stór hluti starfandi fólks starfi innan hins svokallaða sjávarútvegsklasa.




Mynd 10
Heimild: Linda (2011)

[2] Linda (2011)


Niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar benda til þess að sjávarútvegsklasinn skapi um 15% af störfum íslenska hagkerfisins, en beint framlag sjávarútvegs til atvinnusköpunar er, sem áður sagði, metið um 5%. Þær atvinnugreinar sem tilheyra sjávarútvegsklasanum og skapa óbeint flest störf í sjávarútvegi eru m.a. opinber stjórnsýsla, verslun, viðgerðarþjónusta og iðnaður.

Útflutningur & framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu

Sjávarafurðir voru tæplega helmingur af heildarútflutningsverðmæti fyrir um áratug en hlutfallið hefur lækkað mikið á síðustu árum og í dag eru sjávarafurðir um fjórðungur af heildarútflutningi Íslands. Útflutningur afurða úr orkufrekum iðnaði hefur aukist mikið á síðustu árum sem skýrir m.a. minnkandi hlut sjávarútvegs í heildarútflutningi eins og sjá má á mynd 11. Þá hefur einnig orðið aukning í ferðaþjónustu. Ætla má að mun stærri hluti tekna úr sjávarútvegi verði eftir í landinu, og leiði til gjaldeyrissköpunar, en hlutur tekna úr álframleiðslu þar sem gjaldeyrisöflun álframleiðslu rýrnar sem nemur innfluttum aðföngum og álfyrirtækin eru að miklu leyti í eigu erlendra aðila. Eins og sést á mynd 12 þá hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða, mælt í evrum, að mestu staðið í stað á síðustu 11 árum.




Mynd 11
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 12
Heimild: Hagstofa Íslands & Seðlabanki Íslands

Á mynd 13 má sjá framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu. Hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu minnkaði hratt upp úr aldamótunum en hefur tekið við sér á ný og var rétt undir meðaltali síðustu þriggja áratuga árið 2011, eða rúmlega 10% af landsframleiðslu. Þróun síðustu fjögurra ára gæti verið til marks um viðsnúning í stöðu sjávarútvegs innan íslensks samfélags eftir breyttar aðstæður í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.



Mynd 13
Heimild: Hagstofa Íslands


Í nýlegri skýrslu[3] um óbeint framlag sjávarútvegsins til atvinnusköpunar, sem áður hefur verið vikið að, var framlag greinarinnar til landsframleiðslu einnig skoðað. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að óbeint framlag sjávarútvegsklasans til landsframleiðslu gæti verið um 12,4%. Samkvæmt þessu gæti heildarframlag sjávarútvegs verið um fjórðungur af landsframleiðslu (beint framlag 10%, óbeint framlag 12,4%). Iðnaður er stærsti óbeini liðurinn í framlagi sjávarútvegs til landsframleiðslu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður eldri rannsóknar á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2003. Þar var framlag sjávarútvegs til framleiðslu metið og bentu niðurstöður til þess að heildarframlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu væri almennt vanmetið í þjóðhagsreikningum, en þar var framlagið metið sem 10-15%. Rannsókn Hagfræðistofnunar gaf hins vegar til kynna að framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu á síðustu tveimur áratugum 20. aldarinnar gæti verið tvisvar, jafnvel þrisvar sinnum framlagið sem opinberar tölur sýndu.[4]

[3] Linda (2011)
[4] Hagfræðistofnun (2003)

Fjármunamyndun samhliða aukinni samþjöppun


Þegar nýju kvótakerfi var komið á legg fyrir tæpum þremur áratugum fylgdi í kjölfarið kerfisbreyting innan greinarinnar sem leiddi til aukinnar samþjöppunar. Offjárfesting í skipum og öðrum rekstrarfjármunum hafði löngum komið í veg fyrir aukna hagræðingu í greininni. Sóknarstýring, sem var beitt áður en núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á, fól í sér að veiði var leyfð á ákveðnum dögum og að jafnaði var þá allt lagt í sölurnar til að sækja sinn skerf af auðlindinni innan hins takmarkaða tímaramma.

Samþjöppunin sem kvótakerfið leiddi af sér hefur orðið til þess að mikil hagræðing hefur átt sér stað í greininni eftir því sem stærri og oft á tíðum hagkvæmari fyrirtæki hafa keypt kvóta og/eða tekið önnur fyrirtæki yfir. Stærðarhagkvæmni og sérhæfing hafa orðið til þess að fjármunir eru betur nýttir nú en fyrr og virðisaukinn sem hver starfsmaður stendur undir þannig aukist – jafnvel þótt litið sé fram hjá falli krónunnar á árinu 2008. Þetta helst í hendur við þá þróun að sjávarútvegurinn hefur orðið fjármagnsfrekari undanfarinn áratug.




Mynd 14
Heimild: Hagstofa Íslands

Ef framlag sjávarútvegs til heildarfjármunamyndunar er skoðað á mynd 15 er ljóst að fjárfesting í greininni náði hámarki eftir miðjan níunda áratuginn, stuttu eftir að kvótakerfi var innleitt í sjávarútvegi. Í kjölfarið dró síðan úr fjárfestingu enda hefur ekki verið brýn þörf á endurnýjun skipastóls.



Mynd 15
Heimild: Hagstofa Íslands


Minnkandi hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu bendir til þess að minnkandi fjárfesting í sjávarútvegi eigi sér eðlilega skýringu, en þessar tvær stærðir virðast hafa haldist í hendur á síðustu áratugum. Ef fjármunamyndun í öðrum atvinnugreinum er skoðuð kemur í ljós að samsetning heildarfjármunamyndunar þjóðarbúsins hefur tekið þó nokkrum breytingum á síðastliðnum 20 árum.



Mynd 16
Heimild: Hagstofa Íslands

Álframleiðsla á Íslandi hefur t.a.m. vaxið. Á meðan framlag sjávarútvegs til fjármunamyndunar þjóðarbúsins hefur farið lækkandi þá hefur framlag málmframleiðslu til fjármunamyndunar verið að aukast og mældist á árinu 2011 ríflega 16%. Aðrar auðlindir Íslendinga, s.s. jarðhiti og vatnsafl, hafa einnig skilað aukinni fjárfestingu til þjóðarbúsins, samhliða vaxandi umsvifum í áliðnaði.

Hins vegar sést einna best hvernig þróunin hefur verið innan sjávarútvegsins ef litið er á varanlega rekstrarfjármuni útgerðarinnar (skip, vélar), en þeir hafa minnkað jafnt og þétt sem hlutfall af framlegð, eða um rúm 70% á síðustu 10 árum. Þetta er hugsanlega merki um að fjárfesting innan greinarinnar hafi minnkað síðustu árin, óháð minnkandi framlagi greinarinnar til landsframleiðslu. Þróunin gæti einnig verið til marks um verulegan bata í afkomu greinarinnar, t.d. vegna betri nýtingar fjármuna vegna hagræðis.




Mynd 17
Heimild: Hagstofa Íslands

Í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi sem og þeirrar óvissu sem nú ríkir um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunarkerfisins mætti engu að síður ályktа að minnkandi fjárfesting í greininni sé í raun eðlileg þróun. Þar að auki er greininni settar skorður þegar kemur að fjárfestingu sökum þess að rekstur sjávarútvegsfyrirtækja byggir á aðgangi að náttúruauðlind. Því eru takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að fjárfesta í sjálfri atvinnugreininni, ef frá eru taldar viðhaldsfjárfestingar. Fjárfesting hefur þó verið teljanleg á síðustu árum, en hefur verið mismunandi eftir sjávarútvegsfyrirtækjum, þar sem skuldastaða fyrirtækjanna og stærð virðist t.a.m. hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir þeirra. Nánar er fjallað um fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja í næstu köflum.

Úthlutaður kvóti eftir landshlutum


Útgerðir á Norðurlandi eystra hafa verið handhafar stærsta hluta fiskveiðikvótans á síðustu 20 árum, en um og yfir 20% aflahlutdeilda hefur árlega verið úthlutað til landshlutans allt frá því að framsal aflaheimilda var leyft árið 1991. Tölur frá Fiskistofu um úthlutað aflamark sýna hins vegar að fiskveiðiárið 2010/2011 hlaut höfuðborgarsvæðið í fyrsta sinn meirihluta úthlutaðs aflamarks.




Mynd 18
Heimild: Fiskistofa

Hér ber þó að vekja athygli á því að mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru með starfsemi víðsvegar um landið og því segir úthlutað aflamark eftir landshlutum ekki alla söguna. Fyrirvara þarf að hafa á því hvernig verðmæti aflans skiptist eftir landshlutum út frá úthlutuðu aflamarki. Fiski er oft landað og hann unnin í öðrum landshluta en þar sem aflamarkinu var úthlutað. Stór hluti aflaverðmætis getur því runnið til annarra landshluta en þess þar sem aflanum var upphaflega úthlutað. Það er því ekki sjálfgefið að öll arðsemin af starfseminni renni til þess landshluta sem fékk aflanum úthlutað. Stærstu útgerðir sem gera út togara eru t.a.m. ekki jafnháðar því hvar fiskurinn veiðist og minni útgerðir sem geta oft á tíðum einungis sótt sjó frá þeim landshluta þar sem þær eru skráðar. Stærri útgerðir eru því sveigjanlegri þegar kemur að veiðum og vinnslu og hefur samþjöppun í sjávarútvegi á síðustu árum því skilað aukinni arðsemi, eins og síðar verður vikið að. Stærri útgerðir skapa gjarnan störf víða um landið og telja sig því starfa á landsvísu frekar en innan ákveðins héraðs.

Því er ljóst að um einföldun er að ræða þegar skipting aflaúthlutunar eftir landshlutum er skoðuð. Vel rekið og arðsamt fyrirtæki skilar þó óneitanlega miklum verðmætum til þess landshluta sem það starfar í, m.a. í formi skattgreiðslna, og gefur þessi skipting því grófa mynd af því hvernig afraksturinn skiptist.




Mynd 19
Heimild: Fiskistofa



Mynd 20
Heimild: Fiskistofa

Heildaraflinn samanstendur af botn- og uppsjávarfiski en um 80% af afla íslenskra útgerða er botnfiskur. Á Austurlandi er uppsjávarfiskur um helmingur af heildarafla landsfjórðungsins en um þriðjungur afla útgerða á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Uppsjávarveiðar eru lítið sem ekkert stundaðar af útgerðum á Vestfjörðum, Reykjanesi og Norðurlandi vestra.




Mynd 21
Heimild: Fiskistofa

Þegar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var skipulagt var aflahlutdeild í heildarafla skipt á skip eftir veiðireynslu þeirra. Eftir 1991 var framsal aflaheimilda leyft, sem gerði útgerðum kleift að kaupa og selja aflaheimildir óháð veiðireynslu. Erfitt er að áætla hversu stór hluti aflahlutdeildar hefur skipt um hendur hér á landi, en það þykir ljóst að lítill hluti aflahlutdeildar er enn í eigu þeirra sem fengu úthlutað í upphafi[5]. Sú mikla samþjöppun sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi á undanförnum 30 árum er afleiðing þessarar þróunar.

Á mynd 22 má sjá hvernig hlutfall landshlutanna í heildarkvóta hefur breyst frá því að framsal aflaheimilda var leyft. Útgerðir skráðar á höfuðborgarsvæðinu hafa aukið mikið við sig á síðustu árum, sem og útgerðir á Reykjanesi. Þá hefur orðið aukning í aflaheimildum fyrirtækja á Vesturlandi og lítillega á Norðurlandi vestra. Nær stöðugur samdráttur aflaheimilda hefur þó verið á Vestfjörðum á síðustu þremur áratugum, ef undanskilin er aukning síðustu tveggja til þriggja ára. Útgerðir á Austurlandi hafa misst miklar heimildir nýlega og dregið hefur úr kvóta fyrirtækja á Norðurlandi eystra frá því að hlutdeild þeirra náði hámarki fyrir um einum og hálfum áratug. Aukin samþjöppun í kjölfar þess að framsal aflaheimilda var leyft hefur því leitt til þess að kvótinn hefur færst milli fyrirtækja og í mörgum tilvikum milli landshluta.


[5] Sérfræðihópur (2011)



Mynd 22
Heimild: Fiskistofa


Stærstu fyrirtækin

Flest af stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi eru með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en eins og áður hefur nefnt þarf að taka tillit til þess að aðsetur fyrirtækjanna segir ekki endilega til um heimahafnir skipa. Sum af stærstu fyrirtækjunum í Reykjavík reka t.a.m. skip með heimahafnir á Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi.



Mynd 23
Heimild: Fiskistofa


18 stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi, sem í framhaldi verður vísað til sem stærstu fyrirtækjanna nema annað sé tekið fram, eru handhafar rúmlega 70% af úthlutuðum aflaheimildum. Aðrar útgerðir hafa rúmlega þriðjung kvótans í botnfiski til umráða en stærstu fyrirtækin eru ráðandi í uppsjávarveiðum. Fyrirtæki sem stunda uppsjávarveiðar vinna jafnan allan sinn afla sjálf, þar sem lóðrétt samþætting veiða og vinnslu er algeng. Þá eru veiðarnar almennt tæknivæddari en botnfiskveiðar. Þar af leiðandi ætti ekki að koma á óvart að stærri sjávarútvegsfyrirtæki skuli vera allsráðandi í uppsjávarveiðum. Stærstu fyrirtækin hafa ákveðið forskot á þau sem minni eru en þau geta nýtt sér lóðrétta samþættingu veiða og vinnslu sem skilar sér oftar en ekki í meiri arðsemi.




Mynd 24
Heimild: Fiskistofa

Arðsemi & skuldir í sjávarútvegi

Miklar framfarir hafa orðið í sjávarútvegi á síðustu árum og framlegð greinarinnar stóraukist frá tíunda áratug síðustu aldar. Þetta er mikill viðsnúningur frá því sem áður var, en þá var tap algengt í greininni. Hlutur stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi í heildarframlegð greinarinnar hefur jafnframt aukist á síðastliðnum árum. Framsal aflaheimilda sem leyft var árið 1991 gerði fyrirtækjum auðveldara að hagræða í rekstri en með breyttu fyrirkomulagi gátu fyrirtækin nú selt eða keypt afnot af aflaheimildum eftir afkastagetu. Framsalinu fylgdi mikil aukning í arðsemi, en eins og sjá má á mynd 25 vex verg hlutdeild fjármagns hratt eftir 1991. Hins vegar er ljóst að framlegð sjávarútvegs (EBITDA) segir ekki allt um stöðu atvinnugreinarinnar, eða einstakra fyrirtækja, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til afskrifta né afborgana af skuldum eða fjárfestinga í greininni.



Mynd 25
Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 26
***Ósamræmi milli gagna frá Hagstofu og talna úr ársreikningum fyrirtækja varð til þess að hlutfall stærstu fyrirtækja af heildarframlegð varð meira en 100%. Hér var því tekið meðaltal áranna 2006 og 2008. Starfsemi stærstu fyrirtækjanna erlendis er ekki tekin með í tölum Hagstofunnar. Opinber gögn margra fyrirtækja eru eingöngu í formi samstæðureikninga og getur því reynst erfitt að áætla arðsemi úr íslenskri starfsemi sérstaklega. Á árunum 2005-2009 mætti t.d. g.r.f. 10-15% lægra framlegðarhlutfalli en hér kemur fram, ef eingöngu er m.v. íslenska starfsemi.**

Heimild: Hagstofa Íslands & ársreikningar fyrirtækja


Á mynd 27 má sjá breytingu á skuldastöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja mælda í evrum. Þar má einnig sjá hlutfall skulda af framlegð. Hlutfallið fór lægst í rúmlega 5 á árinu 2001 en í kjölfar mikillar skuldsetningar á árunum 2002-2008 náði hlutfallið hámarki þegar skuldir sjávarútvegsins voru 13 sinnum EBITDA árið 2007. Án fjárfestinga

eða frekari útgjalda, svo sem vaxtagreiðslna og afborgana, hefði það því tekið greinina a.m.k. 13 ár að greiða til baka skuldir sínar. Hér er þó um einföldun að ræða því nauðsynlegar fjárfestingar fyrirtækja og vaxtagreiðslur eru oftar en ekki stór hluti af arðseminni sem eftir stendur. Því liggur fyrir að það tæki talsvert lengri tíma en 13 ár að greiða niður skuldirnar.



Mynd 27
Heimild: Hagstofa Íslands

Þá má einnig geta þess að fiskveiðiárið 2007/2008 var leyfilegur þorskafli skorinn niður um þriðjung frá fyrra ári. Margar útgerðir misstu því stóran hluta af tekjum sínum vegna skerðingarinnar sem hefur eflaust hækkað skuldahlutfall þeirra. Þremur árum síðar voru skuldir greinarinnar áttfaldar m.v. verga hlutdeild fjármagns, eða litlu lægri en um aldamótin. Þrátt fyrir að framlegð greinarinnar hafi aukist talsvert á síðustu árum tæki það enn a.m.k. 8 ár fyrir sjávarútveginn í heild sinni að greiða upp skuldir sínar, m.v. árið 2010, ef ekki er g.r.f. neinni fjármunamyndun í greininni, eða vaxtagreiðslum. Á árunum 2002-2008 jukust skuldir sjávarútvegs um 250%, en á sama tíma jókst virði aflaheimilda einnig mikið eins og sjá má á mynd 28. Nánar er fjallað um fjárfestingu og virði aflaheimilda í næsta kafla.




Mynd 28
Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands & Hagstofa Íslands

Sjávarútvegurinn var þó ekki sér á báti hér á landi því almenn skuldsetning jókst mikið í landinu á sama tíma. Ódýrt lánsfjármagn ýtti undir aukna lántöku í landinu og má t.a.m. benda á þá miklu aukningu sem varð á erlendum skuldum þjóðarbúsins frá og með árinu 2003, á svipuðum tíma og skuldsetning jókst í sjávarútvegi. Frá hruni hefur hins vegar

orðið skuldahjöðnun í greininni en árið 2010 voru skuldir sjávarútvegsins í evrum svipaðar og árið 2005. Ýmsir þættir geta skýrt slíka skuldahjöðnun. Líklega hafa mörg fyrirtæki nýtt sér betra árferði og greitt niður skuldir sínar. Jafnframt er líklegt að afurðalán sem falla undir skammtímaskuldir hafi einnig lækkað vegna betra árferðis á árunum 2008 og 2009. Einnig er ekki hægt að útiloka að hluti skulda hafi verið færður niður og afskrifaður.

Skuldastaða minni & stærri fyrirtækja

Áhugavert er að skoða hvernig skuldsetningin skiptist milli minni útgerða og þeirra stærri. Ef ársreikningar 8 *(18)* stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna fyrir árið 2009 eru skoðaðir kemur í ljós að þrátt fyrir að vera handhafar um 50% *(70%)* fiskveiðikvótans bera þau aðeins ábyrgð á þriðjungi *(helmingi)* skulda geirans í heild. Ef tekið er mið af skuldsetningu á hvert þorskígildistonn þá má segja að skuldsetning minni útgerða samsvari tvöfaldri skuldsetningu þeirra stærri miðað við þær tölur.




Mynd 29
***Úthlutun aflaheimilda miðast við upphafsúthlutun í byrjun fiskveiðiárs.**

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Á mynd 29 má finna skuldir 8 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna[6] (sem eru handhafar um 50% fiskveiðikvótans) á þorskígildistonn samanborið við skuldsetningu minni útgerða. Þar sést að minni útgerðir skulda að meðaltali meira á hvert þorskígildistonn en þær stærri og eykst munurinn þegar líður á áratuginn. Skuldir sjávarútvegsins jukust um rúmlega 70% milli áranna 2007 og 2008, í krónum talið, en skuldir 8 stærstu fyrirtækjanna aðeins um 35%. Meðalstórar og minni útgerðir hafa því hlutfallslega tekið á sig talsvert meira högg í kjölfar hrunsins. Þar kann að spila inn í að þessar útgerðir voru margar hverjar með meira af lánum í öðrum myntum en evru (t.d. yenum og svissneskum frönkum) en stærri aðilar í greininni. Veiking krónu gagnvart þessum myntum var umtalsvert meiri á árinu 2008 en gagnvart evru og því hækkuðu skuldir aðila sem skuldsettir eru í þeirri mynt hlutfallslega meira en annarra. Þar að auki minnkuðu aflaheimildir 8 stærstu fyrirtækjanna um 5% milli 2007 og 2008 og má leiða líkur að því að minni útgerðirnar hafi þurft að auka við skuldsetningu sína til að komast yfir þær heimildir.

[6] Hér er einungis tekin 8 stærstu þar sem ekki liggja fyrir sambærileg gögn fyrir 18 stærstu til útreikninga á stærðinni.

Á mynd 30 má sjá að þorskígildi allra fyrirtækja dragast saman árið 2007 þegar mikil skerðing var í úthlutuðum þorskafla. Á sama tíma var lítil aukning í skuldum minni fyrirtækjanna. Stærri fyrirtækin juku við skuldir sínar, en þó minna en á fyrri árum. Árið 2008 má sjá neikvætt samband skapast milli skuldsetningar og þorskígilda hjá stærstu fyrirtækjunum, en þó að þorskígildum þeirra fækkaði jókst skuldsetning samt sem áður.




Mynd 30
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Þá sést að þó að þorskígildum minni fyrirtækja fækkaði enn árið 2008 þá var minnkunin milli áranna 2007 og 2008 minni en hjá stærstu útgerðunum. Þetta kemur heim og saman við flutning aflaheimilda frá stærri til minni fyrirtækja á því ári. Á sama tíma jókst skuldsetning gífurlega hjá minni fyrirtækjum eins og áður hefur verið skýrt frá. Auknar skuldir á þorskígildistonn árið 2008 hjá minni fyrirtækjunum gætu því skýrst bæði af kaupum á aflaheimildum á háu verði og skerðingu í heildarþorskígildum. Minnkun þorskígilda á árunum 2007 og 2008 hefur því haft áhrif til hækkunar á hlutfall skulda á þorskígildi hjá öllum útgerðum.

Mikil skuldsetning margra sjávarútvegsfyrirtækja hefur áhrif á framlag þeirra til fjármunamyndunar, þar sem lítið svigrúm verður til fjárfestinga eftir að tekið hefur verið tillit til afborgana af skuldum. Þá benda gögn til þess að fyrirtæki sem standa betur fjárhagslega hafi staðið undir stórum hluta af fjárfestingum greinarinnar að undanförnu.

Fjárfestingar - fyrir & eftir eignaverðshækkanir


Greiningardeild hefur tekið saman gögn um fjárfestingar fyrirtækja sem eru handhafar rúmlega 70% fiskveiðikvótans[7]. Hér að neðan má sjá hvernig fjárfesting fyrirtækjanna á árabilinu 1997-2009 skiptist eftir því hvort um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni, kaup á aflaheimildum eða fjárfestingu í áhættufjármunum, t.d. hlutabréfum.



Mynd 31
*Nettó = keypt – selt

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja

Arðsemi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja jókst mikið árið 2001 sem gæti útskýrt þann vöxt sem varð í fjárfestingu ári síðar. Á árunum 2002-04 var fjárfesting í aflaheimildum ráðandi og talsvert bar á fjárfestingu í áhættufjármunum á árunum 2002, 2004 og 2005, sem og árið 2007.




Mynd 32
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var nokkuð skrykkjótt fyrir 2002 en þó oft á tíðum talsverð sem hlutfall af EBITDA, eins og betur má sjá á mynd 32 þar sem heildarfjárfesting fyrirtækjanna og fjárfesting þeirra í rekstrarfjármunum sem hlutfall af EBITDA er sýnd. Í krónum talið virðist fjárfesting í rekstrarfjármunum hafa haldist að

[7] Frá 2003-2009 eru gögn frá 18 stærstu fyrirtækjunum (70% kvótans) notuð en gögn fyrir 2003 voru ekki auðfundin fyrir 18 stærstu. Tölur um fjárfestingu á árunum 1997-2002 endurspegla því fjárfestingaferil færri fyrirtækja (að meðaltali 8 fyrirtækja).

mestu stöðug á síðustu árum, en ef litið er á fjárfestingu í hlutfalli við EBITDA er ljóst að hún hefur farið minnkandi. Ein skýring á lítilli fjárfestingu innan geirans á síðustu árum gæti verið sú óvissa sem hefur ríkt um framtíð fiskveiðistjórnunar í landinu að undanförnu en eðli málsins samkvæmt er öll óvissa til þess fallin að draga úr frekari fjárfestingu. Á móti kemur að aukin hagræðing og bati í rekstrarafkomu skýrir jafnframt þessa þróun.

Fjárfesting í rekstrarfjármunum - verðhugmyndir	
Stór skip (t.d. togari)	4 ma. kr.
Uppsjávarskip	3,5 ma. kr.
Ísfrystitogari	1,5 ma. kr.
Lítið skip (undir 30 metrum)	700-1000 m. kr.
Skipt um aðalvél	150-200 m. kr.




Mynd 33
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja

Ef fjárfestingartölur eru skoðaðar í samhengi við áætlaðan kostnað við skipakaup eða endurnýjun skipa þá jafngildir 6 ma. kr. fjárfesting[8] kaupum á nýjum togara og tveimur litlum skipum, eða einu uppsjávarveiðiskipi og 12 nýjum aðalvélum. Uppsöfnuð 12 ára fjárfesting á tímabilinu 1997 til 2009 nemur um 54 ma. kr. Fyrir þá upphæð, á verðlagi ársins 2009, væri hægt að fjárfesta í 14 togurum og/eða uppsjávarskipum eða a.m.k. 50 minni skipum. Í því samhengi má benda á að 58 togarar voru skráðir á landinu árið 2009. Ef stærstur hluti fjárfestinga hefði farið í togarakaup á þessu tímabili hefði því verið um 20% endurnýjun togaraflotans að ræða, sem hlýtur að teljast talsverð fjárfesting. Hér er þó um verulega einföldun að ræða þar sem ljóst er að útgerðir leggja ekki í svo stóra fjárfestingu reglulega. Fjármagnið er einnig nýtt í ýmis önnur framleiðslutæki. Þetta gefur þó grófa mynd af umfangi fjárfestingar í greininni. Fleiri verðhugmyndir má finna í töflu hér að ofan.


Á mynd 34 má sjá þær miklu verðhækkanir sem áttu sér stað á öllum eignamörkuðum á árunum 2004-2008. Verðhækkun hlutabréfa virðist hafa verið undanfari annarra eignaverðshækkana í landinu, þ.m.t. í aflaheimildum[9]. Eftir árið 2002 tók verð á hlutabréfum að hækka og náði hækkunin hámarki árið 2007. Þetta er í samræmi við auknar fjárfestingar sjávarútvegs í áhættufjármunum. Einnig má sjá að aflaheimildir hækkuðu í verði milli 2002 og 2004 þegar fjárfesting í aflaheimildum meðal stærstu fyrirtækjanna var ráðandi. Þessi hækkun var þó ekki í námunda við þá miklu eignabólu sem skapaðist á markaði fyrir aflaheimildir árið 2007.

[8] Tölur frá 2009.
[9] Sérfræðihópur (2011)




Mynd 34
Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Mikil kvótakaup á árabilinu 2002-04 má t.a.m. rekja til góðæris fyrstu ára nýrrar aldar en þá hafa mörg fyrirtæki (þá einna helst þau stærstu) eflaust nýtt tækifærið og orðið sér úti um meiri aflaheimildir. Jafnframt einkenndust þessi ár af ódýru fjármagni þar sem aðgengi að lánsfé var tiltölulega auðvelt, sem án efa hefur einnig leikið stórt hlutverk. Fyrirtæki sem keyptu kvóta í kringum aldamótin gerðu góð kaup því fljótlega hækkaði verð aflaheimilda nánast með veldisfalli, líkt og eignaverð almennt í landinu.



Mynd 35
Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands & ársreikningar fyrirtækja

Á þessum tíma hækkaði eignaverð aflahlutdeildar langt umfram hækkun aflaverðmætis en hlutfall bókfærðs virðis hlutdeildar og aflaverðmætis hækkaði um 150% á árabilinu 2002-2007. Á sama tíma jókst framlag 18 stærstu fyrirtækjanna til framlegðar sjávarútvegsins úr tæplega 50% í um 70%. Því er ljóst að útgerðir hafa séð mikinn hag og aukin tækifæri í því að komast yfir aflahlutdeild á þessum tíma. Svo virðist sem útgerðir hafi ekki búist við skerðingu í þorskaflanum árið 2007 þar sem enn er nokkuð um fjárfestingar í aflahlutdeild á því ári. Frá og með árinu 2008 hefur almennt eignaverð í landinu lækkað, þ.m.t. virði aflahlutdeildar. Tölur um virði aflahlutdeildar ná ekki lengra fram en til ársins 2009 en að mati greiningardeildar er líklegt að óvissa innan greinarinnar m.a. sökum yfirvofandi breytinga á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á verð aflahlutdeildar.




Mynd 36
Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

Ráðstöfun fjármagns

Atvinnugreinum sem byggja á náttúruauðlindum eru skorður settar þegar kemur að vexti innan greinarinnar. Vöxtur getur þó orðið í arðsemi, sem hefur sýnt sig í íslenskum sjávarútvegi, og því bæði eðlilegt og skynsamlegt, að fyrirtæki fjárfesti arði sínum þar sem mestir arðsemismöguleikar eru til staðar. Þ.a.l. er það ekki sjálfgefinn hlutur að auðlindarentan haldist innan greinarinnar og að sjávarútvegsfyrirtæki fjárfesti eingöngu í sjávarútvegi. Ljóst er að mörg sjávarútvegsfyrirtækja eru skuldsett fram úr hófi. Rekstur íslenskra útgerða er hins vegar misjafn, bæði hvað varðar skuldsetningu og arðsemi, og því er ljóst að ekki er hægt að skipa öllum fyrirtækjum í sama flokk.


Á mynd 37 má sjá arðgreiðslur til hluthafa 18 stærstu fyrirtækjanna í sjávarútvegi á árunum 1997 til 2009. Eftir aldamótin jókst hagnaður fyrirtækjanna og samhliða því jukust arðgreiðslur en greiðslurnar hafa haldist nokkuð stöðugar á síðustu árum. Á árunum 2001-2005 virðast greiðslurnar hafa verið hóflegar, ef tekið er mið af hlut þeirra í hagnaði hvers árs. Árið 2006 var tapár í sjávarútvegi en engu að síður voru greiddir rúmlega 3 milljarðar kr. í arð til hluthafa. Eilítið hærri upphæð var síðan greidd út árið 2008 þegar tap 18 stærstu fyrirtækjanna nam 72 milljörðum kr.[10]



Mynd 37
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja

Samanburð á fjárfestingum fyrirtækja eftir skuldastöðu má finna á mynd 38. Fyrirtækjum er raðað eftir skuldsetningu þar sem fyrirtæki F1 er það fyrirtæki sem er skuldsettast m.v. EBITDA en fyrirtæki F18 minnst skuldsett. Með þessu móti er hægt að reyna að varpa einhverju ljósi á það hvort fjárfestingahegðun fyrirtækja hafi verið mismunandi eftir skuldastöðu þeirra.

[10] Þetta var að stórum hluta bókfært gengistap hjá fyrirtækjunum vegna falls krónunnar á seinni hluta ársins 2008, en flest fyrirtækin eru skuldsett í erlendum gjaldmiðlum.



Mynd 38
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja

Heildarfjárfesting margra skuldsettustu fyrirtækjanna hefur verið hlutfallslega meiri en heildarfjárfesting minna skuldsettari fyrirtækja. Helsta ástæða þessa eru fjárfestingar í aflaheimildum og áhættufjármunum. Gögn benda til þess að stærri hluti fjárfestinga þeirra fyrirtækja sem voru að meðaltali minna skuldsett á árunum 1997-2009 hafi farið í varanlega rekstrarfjármuni[11]. Má því í raun segja að hlutfallslega meira fjármagn hafi farið í kvótakaup og fjárfestingar utan geirans hjá skuldsettari fyrirtækjum en meðal fyrirtækja sem voru minna skuldsett á tímabilinu.

[11] Hér er þó vakin athygli á því að um lítið úrtak er að ræða, eða um 18 fyrirtæki.

Framlag sjávarútvegs til ríkissjóðs

Veiðigjald

Fyrir árið 2012

Reiknuð arðsemi í sjávarútvegi tekur tillit til ýmissa gjalda. Þar með talið er svokallað veiðigjald, eða auðlindagjald sem kom til upp úr aldamótunum þegar ákveðið var að endurskoða lög um fiskveiðistjórnunarkerfið. Endurskoðunarnefnd sendi frá sér skýrslu árið 2001 þar sem m.a. var lagt til að veiðigjald yrði lagt á í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Veiðigjaldið átti að vera tvískipt; annars vegar fastur hluti sem átti að taka mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem tengdist afkomu í greininni.


Veiðigjaldið var fundið út með þeim hætti að frá aflaverðmæti tímabils sem hófst 1. maí næstliðins árs og lauk 30. apríl var dreginn reiknaður olíukostnaður, launakostnaður og annar rekstrarkostnaður sama tímabils. Af þeirri fjárhæð sem eftir stóð voru reiknuð 9,5%. Síðan var deilt í þá fjárhæð með þorskígildum sem stóðu að baki aflaverðmætinu sem lagt er til grundvallar í útreikningum. Með því fékkst veiðigjald sem lagt var á úthlutaðar aflaheimildir og landaðan afla á komandi fiskveiðiári.

Veiðigjald - Krónur/þorskíg. kg.

2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09	2009/10	2010/11	2011/12
1,99	1,53	0,91	1,45	0,71	3,47	6,44	9,46

Tafla 1
Sjávarútvegsráðuneytið (2011b)

Veiðigjald var lagt á í fyrsta sinn fiskveiðiárið 2004/2005 og nam gjaldið þá tæpum tveimur krónum á þorskígildiskíló úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda[12]. Ákveðið var að leggja á fast gjald á þorskígildiskíló en forsendur á bakvið krónutöluna á hvert kíló má finna hér að ofan. Eigendum fiskiskipa var veittur aðlögunartími til að byrja með sem varð til þess að fullt gjald var ekki greitt fyrr en á fiskveiðiárinu 2009/2010, en þá hafði einnig verið tekið tillit til slæms árferðis í sjávarútvegi á árunum 2007 og 2008.



Mynd 39
Heimild: Fiskistofa & Sjávarútvegsráðuneytið (2011b)

[12] Sjávarútvegsráðuneytið (2004)

Eins og sjá má af mynd 39 og töflu 1 hækkaði veiðigjaldið umtalsvert á síðastliðnum árum en í ríkisreikningi síðasta árs kemur fram að álagt gjald fiskveiðiársins 2011/2012 hafi numið um 3,6 milljörðum króna, en við álagningu gjaldsins var gert ráð fyrir 4,5 milljarða króna tekjum á fiskveiðiárinu öllu. Það er hækkun upp á rúman milljarð króna frá árinu áður. Hækkunin skýrist af auknum aflaheimildum og ákvörðun Alþingis að hækka gjaldið úr 9,5% í 13,3% á fiskveiðiárinu.


Eftir árið 2012

Á árinu 2012 voru samþykkt lög um veiðigjöld, sem gera ráð fyrir að framvegis verði lagt á almennt veiðigjald að upphæð 9,5 krónur á hvert þorskígildiskíló. Til viðbótar er ráðgert að leggja á svokallað sérstakt veiðigjald, annars vegar í botnfiskveiðum og hins vegar uppsjávarveiðum, en það skal vera 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu að frádregnu almennu veiðigjaldi.

Stofn gjaldsins er reiknuð renta hvers þorskígildiskílós í hvort tveggja veiðum og vinnslu, en með reiknaðri rentu er reynt að meta auðlindarentuna, sem fjallað er nánar um hér að neðan. Reiknuð renta er skilgreind sem söluverðmæti afla eða afurða að frádregnum rekstrarkostnaði (öðrum en fjármagnskostnaði) og afskriftum rekstrarfjármuna annarsvegar, og reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna hinsvegar (8%)[13].

Gjaldið leggst á að fullu frá og með fiskveiðiárinu 2016/2017, en á yfirstandandi fiskveiðiári verður gjaldið 23,20 kr. á hvert þorskígildiskíló í botnfiskveiðum og 27,50 kr. á þorskígildiskíló í uppsjávarveiðum. Á árunum 2013 til 2016 fer hlutfall gjaldstofnsins sem ákvarðar veiðigjaldið hækkandi í þrepum úr 50% þar til hann nær hinu lögbundna hlutfalli, 65%. Þess ber þó að geta að gjaldskyldir aðilar eiga rétt á lækkun þess vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum til ársloka 2011.

Við álagningu gjaldsins í ár var gert ráð fyrir að sjávarútvegurinn greiði alls 4,6 ma.kr. í almennt veiðigjald á yfirstandandi fiskveiðiári, og 10,3 ma.kr. í sérstakt veiðigjald. Í fjárlögum ársins 2013 er gert ráð fyrir tekjum upp á 12,2 ma.kr. vegna veiðigjaldsins á þessu fjárlagaári, og um 15 ma.kr. á því næsta. Það er því deginum ljósara að ríkið hefur nú þegar verulegan tekjuauka af hækkun veiðigjaldsins og mun gera áfram ef öll áform ganga eftir.




*Miðað við tekjur af veiðum á fiskveiðiárinu 2011/2012

[13] Af fyrstu 30.000 þorskígildiskílóum gjaldskylds aðila greiðist þó ekkert sérstakt veiðigjald, af næstu 70.000 þorskígildiskílóum greiðist hálft gjald, en af öllum þorskígildiskílóum umfram 100.000 greiðist fullt gjald.

Auðlindarentan


Atvinnugreinar sem byggja á nýtingu takmarkaðra auðlinda, svo sem fiskveiðar, geta skilað umframarði ólíkt fyrirtækjum sem nýta ekki náttúruauðlindir við framleiðslu, eða búa yfir takmörkuðum framleiðsluþáttum að öðru leyti. Frekari takmarkanir á nýtingu auðlindar munu að öllu óbreyttu leiða til þess að verð á viðkomandi gæðum hækkar og þar með auðlindarentan sem rennur til atvinnugreinarinnar. Hagfræðileg skilgreining á rentu er hagnaðurumfram svokallaðan fórnarkostnað, en fórnarkostnaður er óbeinn kostnaður við að nota framleiðsluþættina í viðkomandi framleiðslu í stað þess að nýta þá í annað. Þegar auðlindarenta af fiskveiðum er reiknuð er eðlilegt að taka tillit til hagræns kostnaðar (fórnarkostnaðar) auk bókhaldskostnaðar (beins kostnaðar) þegar litið er til arðsemi fiskveiða.



Mynd 40
Heimild: Sérfræðihópur (2011)

Á mynd 40 má sjá einfaldaða útskýringu á myndun auðlindarentu. Auðlindarenta eykst með auknu aflamarki eða hærra heimsmarkaðsverði. Aftur á móti minnkar rentan ef kostnaður eykst. Sjávarútvegsfyrirtæki taka verð á heimsmörkuðum sem gefið en tekjur þeirra í krónum miðast síðan við gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Þess ber þó að geta að um einfaldaðar forsendur er að ræða þar sem fyrirtæki í sjávarútvegi eru mismunandi og arðsemi fiskveiðanna ræðst af verði einstakra fisktegunda sem veiddar eru og kostnaðinum við veiðarnar. Sum fyrirtæki hafa jafnframt tækifæri til að nýta aðföng sín á hagkvæmari hátt en önnur. Hér getur stærðarhagkvæmni í veiðum t.a.m. spilað inn í, en stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi hefur tekist að hagræða talsvert í rekstri með lóðréttri samþættingu veiða og vinnslu. Sum fyrirtæki sjá um alla framleiðslukeðjuna, frá veiðum til sölu afurðanna á markaði.


Útreikningur á auðlindarentu er torveldur þar sem erfitt getur reynst að skilja rentuna frá öðrum hagnaði. Mismunandi möguleikar og hæfni fyrirtækja til að nýta framleiðsluþætti sína hafa þar m.a. áhrif.



Mynd 41
*Hér EBITDA veiða að frádreginni 6% árgreiðslu notað sem gróft mat á auðlindarentu

Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

Þó að erfitt sé að leggja mat á auðlindarentu hefur oft á tíðum verið stuðst við gróft mat á rentunni sem felur í sér að frá framlegð (EBITDA) veiða er dregin 6% árgreiðsla. Árgreiðslan er reiknuð af Hagstofu Íslands og er mat á fjármagnskostnaði í greininni. Í útreikningum á árgreiðslunni er því gert ráð fyrir að eigið fé og lánsfé beri 6% vexti. Á talan að vera nálgun á raunvaxtakostnað fyrirtækja. Á mynd 41 má sjá gróft mat á auðlindarentu í sjávarútvegi og á mynd 42 mögulegt umfang rentunnar sem veiðigjaldið hefði fram að þessu getað náð til m.v. þær hugmyndir sem voru uppi á síðasta ári áður en lög um veiðigjald voru samþykkt. Ljóst er að aukin arðsemi í sjávarútvegi á síðustu árum stendur talsvert betur undir aukinni gjaldtöku en áður fyrr. Af mynd 42 er t.a.m. ljóst að árið 1999 hefði 13,3% gjald verið alltof mikil blóðtaka fyrir greinina, en það er hlutfallið sem lögfest var sumarið 2011 og rukkað var samkvæmt á fiskveiðiárinu 2011/2012. Hér er þó aðeins reynt að setja veiðigjaldið í samhengi við þróun auðlindarentunnar, en veiðigjaldið sem nú er lagt á þarf að sjálfsögðu að skoða m.v. núverandi arðsemi í sjávarútvegi[14].



Mynd 42
*Hér EBITDA veiða að frádreginni 6% árgreiðslu notað sem gróft mat á auðlindarentu


Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

[14] Hér er stuðst veiðigjaldshlutföllin 13,3% og 19% sem taka mið af lögum um breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem samþykkt voru síðasta sumar (lög nr. 70/2011) og frumvarpi sem tekið var fyrir á Alþingi síðasta haust (þingskjal 1475). Líkt og fjallað var um að ofan er veiðigjald nú reiknað með öðrum hætti, en lítil reynsla er komin á framkvæmd þess.

Skattgreiðslur sjávarútvegs

Umhverfis- og auðlindaskattur


Í lok árs 2009 samþykkti Alþingi lög um umhverfis- og auðlindaskatta. Í lögunum felst að skattur verður lagður á selda raforku og heitt vatn. Fjárhæð skatts af raforku er 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku, en skattur á heitt vatn er 2% af smásöluverði heits vatns. Skattskyldan nær eingöngu til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stigi viðskipta. Skatturinn leggst þyngst á stóriðjuna sem notaði rúmlega 13 þúsund milljónir kílóvattstunda af raforku árið 2009. Á mynd 43 má sjá hvernig auðlindaskattar leggjast á útgerðir (fiskveiðar), í formi veiðigjalds, annars vegar og fyrirtæki í stóriðju hins vegar. Þar sést að árið 2010 greiddi sjávarútvegurinn tvöfalt hærra auðlindagjald samanborið við stóriðju[15].



Mynd 43
Heimild: Sjávarútvegsráðuneytið (2011b, 2011c), Hagstofa Íslands og lög nr. 120/2009 um auðlindaskatta

Tekju- og eignaskattur


Auk veiðigjalds greiða sjávarútvegsfyrirtækin tekjuskatt, og greiddu fram til ársins 2005 einnig eignaskatt. Á mynd 44 má sjá hlutfall greiddra tekju- og eignaskatta sjávarútvegs af heildartekju- og eignaskatti sem lögaðilar greiddu á árunum 1999 til 2008. Þá má sjá sömu skattgreiðslur iðnaðar á Íslandi, að frátaldri fiskvinnslu, á tímabilinu.



Mynd 44
Heimild: Ríkisskattstjóri (2011)

[15] Þess ber þó að geta að stóriðjan greiddi fyrst auðlindagjald árið 2010 og því er hér um einstaka stærð að ræða. Því er erfitt að fá heildarmynd af því hvernig þetta leggst á greinina.

Skatttekjur ríkisins af sjávarútvegi jukust samhliða aukinni arðsemi í greininni en á árunum 2003-2005 voru greiddir tekju- og eignaskattar sjávarútvegs meiri en iðnaðar (án fiskvinnslu) í heild sinni. Sjávarútvegurinn greiddi að meðaltali um 1,4 ma. kr. á ári í skatta á tímabilinu 1999-2008, en iðnaður (án fiskvinnslu) um 2 ma. kr. á ári.




Mynd 45
***Árin 2009 og 2010 er g.r.f. að greiddur tekjuskattur sjávarútvegs og iðnaðar sé sá sami og 2008. Nýrri tölur eftir atvinnugreinum voru ófáanlegar. Tölur um veiðigjald og auðlindaskatta eru rauntölur.**
Heimild: Ríkisskattstjóri (2011)

Á mynd 45 má sjá skattgreiðslur sjávarútvegs og iðnaðar (án fiskvinnslu) í milljörðum króna. Ljóst er að hækkun veiðigjalds milli áranna 2008 og 2009 er mikil aukning við aðrar greiðslur til ríkisins. Hækkunin milli áranna 2009 og 2010 er enn meiri en þá gæti veiðigjaldið nærri tvöfaldað greiðslur sjávarútvegs til ríkisins.[16] Sú þróun hélt áfram fram á árið 2011, og álagt veiðigjald á árinu 2012 er um 2-3 sinnum hærra en árið 2011.

[16] Hér ber að geta þess að í útreikningum var g.r.f. að greiddur tekjuskattur sjávarútvegs og iðnaðar hefði verið sá sami árið 2009 og 2010 og hann var árið 2008. Færa má sterk rök fyrir því að hlutur sjávarútvegs í greiddum tekjuskatti hafi þó hækkað til muna þar sem tekjuskattstofn ríkisins hefur minnkað mikið frá hruni. Á sama tíma hefur arðsemi í sjávarútvegi hins vegar aukist.

Sjávarútvegur og aðrar greinar

Þrátt fyrir umtalsverða arðsemi í sjávarútvegi á síðustu árum þá er slík arðsemi ekki einsdæmi eins og sést t.a.m. á mynd 46. Arðsemishlutfall íslenskra orkufyrirtækja (veitur) hefur verið um og yfir 50% á síðustu árum og hefur arðsemishlutfallið í landbúnaði verið svipað og jafnvel hærra en í sjávarútvegi á undanförnum árum[17]. Þetta skýrist einna helst af því að veltuhraði í landbúnaði er lítill, en fastur kostnaður er stór hluti útgjalda. Sama á við um veitur.




Mynd 46
Heimild: Hagstofa Íslands

Þá er einnig áhugavert að skoða skuldastöðu sjávarútvegs samanborið við aðrar atvinnugreinar, s.s. landbúnað, en sú atvinnugrein hefur lengi hlotið styrki frá íslenska ríkinu. Skuldsetning í landbúnaði hefur aukist á síðustu árum en hlutfall skulda og arðsemi hafði lækkað mikið frá aldamótunum. Árið 2008 hafði hlutfall skulda og arðsemi hækkað til muna og var farið að nálgast skuldahlutfall sjávarútvegs, en það er nú orðið hærra. Aukin skuldsetning landbúnaðar gæti stafað af aukinni fjárfestingu bænda í mjólkurkvóta á síðustu árum, en á árabilinu 2004-2008 rúmlega tvöfölduðust skuldir í landbúnaði í krónum talið. Sala á mjólkurkvóta fór þó minnkandi á árunum 2008 og 2009 en verð kvótans hækkaði um 11% milli verðlagsáranna 2006/2007 og 2007/2008.[18] Þá vekur vöxtur hlutfalls skulda og arðsemi hjá orkufyrirtækjum athygli en skuldir þeirra voru fimmtán sinnum arðsemin árið 2008, þótt það hlutfall hafi lækkað á árinu 2010.

Sjávarútvegurinn ber þó höfuð og herðar yfir aðrar greinar þegar kemur að framlagi atvinnugreina til landsframleiðslu. Þrátt fyrir að framlagið hafi minnkað talsvert á síðasta áratug var það enn hærra en framlag landbúnaðar, framleiðslu málma og starfsemi veitna til landsframleiðslu. Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu hefur aukist á síðustu árum en greinin féll vafalaust í skugga annarra atvinnugreina, svo sem fjármálamarkaðarins, á tíunda áratug síðustu aldar.

[17] Ljóst er að um ólíkar atvinnugreinar er að ræða sem e.t.v. eru ekki sambærilegar að fullu. Hér er tilgangurinn einvörðungu að sýna fram á arðsemi annarra greina. Veitustarfsemi einkennist af miklum stofnkostnaði og því þarf arðsemiskrafan í geiranum að vera há til að starfsemin borgi sig. Þá má einnig geta þess að þessi fyrirtæki eru að mestu í eigu ríkisins og/eða sveitarfélaga. Landbúnaðurinn er einnig að miklu leyti sér á báti sökum þeirra styrkja sem greinin þiggur frá ríkinu.
[18] Bændasamtök Íslands (2011) & BSSL (2011)




Mynd 47
Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburður á íslenskum & erlendum sjávarútvegi


Ísland & ESB

Aukin arðsemi hefur skapast í íslenskum sjávarútvegi á undanförnum árum án mikillar aðkomu ríkisins. Þannig hefur íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi orðið fyrirmynd margra annarra ríkja, m.a. í Evrópu, og má sem dæmi nefna að leitast hefur verið eftir ráðleggingum Íslendinga á fyrstu skrefum endurskoðunar á sjávarútvegskerfi ESB.



Mynd 48
Heimild: Utanríkisráðuneytið (2008)

Á mynd 48 má sjá úthlutanir úr Sjávarútvegssjóði Evrópusambandsins (European Fisheries Fund, EFF) til evrópska fiskveiðiflotans. Mynd 49 sýnir heildarstyrki Evrópusambandsins til sjávarútvegs á árinu 2009 en tölurnar eru fengnar úr nýbirtri skýrslu stofnunarinnar Oceana[19]. Stofnunin bendir á að styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum gefi ekki rétta mynd af umfangi styrkja sem ESB löndin hljóta frá sambandinu þar sem ekki er tekið tillit til annarra styrkja. Greining Oceana bendir til þess að a.m.k. 3,3 ma. EUR hafi verið veittir í styrki til evrópska fiskiskipaflotans árið 2009 ef tekið er tillit til allra styrkveitinga.




Mynd 49
*M.v. útreikninga Oceana. Oceana tekur til greina ýmsar aðrar styrkveitingar en úr EFF sjóðnum, en á sama tíma gerir stofnunin einnig ráð fyrir að umfang styrkja úr EFF sjóðnum sé vanmetið.

Heimild: Oceana (2011)

[19] Oceana (2011). Yfirlýst markmið stofnunarinnar er að vernda heimshöfin gegn of miklum ágangi.

Styrkveitingar í formi niðurgreiðslu olíu, skattaafslátta og annarra styrkja nema rúmlega 2 ma. króna. Því er ljóst að tölur frá EFF gefa ekki rétta mynd af evrópskum sjávarútvegi.


Styrkir ESB til sjávarútvegs hafa hækkað mikið á undanförnum árum. Samkvæmt opinberum tölum ESB munu styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum (EFF) aukast þegar líður á áratuginn og áætlað er að styrkirnir verði um 660. m. evra árið 2013. Ef tölur Oceana stofnunarinnar um styrki til evrópska fiskveiðiflotans árið 2009 eiga við rök að styðjast má áætla að styrkveitingar hafi verið, og verði, umtalsvert hærri en styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum gefa til kynna. Framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála hjá Evrópusambandinu hefur lýst yfir áhyggjum af fiskiflota sambandsins en um 30-40% af flotanum er ekki nógu arðsamur til að standa undir sér til lengri tíma. Í ljósi þessa er talið að mikilvægt sé að draga úr styrkjum sem leiða til ofveiði.[20]



Mynd 50
*Oceana stofnunin áætlar að styrkir til sjávarútvegs hafi verið fimmfalt meiri en uppgefnir styrkir úr EFF sjóðnum. Greiningardeild gerir hér ráð fyrir að svipaðar forsendur hafi áður átt við og muni eiga við, og miðast útreikningar við það.

Heimild: Utanríkisráðuneytið (2008), Oceana (2011) & Hagstofa Íslands

Á mynd 51 má sjá arðsemi í sjávarútvegi innan Evrópusambandsins annars vegar og hins vegar arðsemi íslensks sjávarútvegs. Gráu súlurnar sýna arðsemi sjávarútvegs innan ESB þegar búið er að draga frá styrki til geirans innan ESB.




Mynd 51
STECF (2009, 2010) & Hagstofa Íslands

[20] Seafood Source News (2011)

Arðsemin í íslenskum sjávarútvegi hefur verið umtalsvert hærri en innan ESB eftir að búið að draga frá styrki innan greinarinnar, og var sem dæmi á árinu 2008 þrefalt hærri hér á Íslandi samanborið við ESB.

Ísland & Noregur


Aðeins sex ár eru síðan Norðmenn drógu að mestu leyti úr framlögum og styrkjum til sjávarútvegs. Árið 1992 voru styrkir til greinarinnar í einni eða annarri mynd tæplega 30% af tekjum sjávarútvegs. Athyglisvert er að frá því að dregið var úr framlögum til sjávarútvegs í Noregi hefur arðsemi greinarinnar aukist. Arðsemi íslensks sjávarútvegs hefur verið svipuð og í Noregi og oft á tíðum meiri enda þótt norskur sjávarútvegur hafi þar til nýlega þegið miklar greiðslur frá norska ríkinu.



Mynd 52
*M.v. opinber gögn

Heimild: Fiskeridirektoratet, Statistics Norway & Hagstofa Íslands

Þrátt fyrir styrki frá norska ríkinu var skuldsetning í norskum sjávarútvegi umtalsvert hærri á árunum 2002 og 2003, en samhliða lánsfjárbólunni hér innanlands (á sama tíma átti sér stað skuldahjöðnun í þeim norska) tóku skuldir í íslenskum sjávarútvegi fram úr þeim norska. Eins og áður hefur verið greint frá hefur orðið skuldahjöðnun í greininni hér innanlands og á árinu 2009 voru skuldir í íslenskum sjávarútvegi komnar á par við skuldir í norskum sjávarútvegi.




Mynd 53
Heimild: Fiskeridirektoratet, Statistics Norway & Hagstofa Íslands

Sjávarútvegur er hins vegar ekki undirstöðuatvinnugrein í Noregi eins og hér. Tekjur úr sjávarútvegi hafa numið um 15% af landsframleiðslu Íslands á síðustu árum en hlutfall tekna úr sjávarútvegi af landsframleiðslu í Noregi og innan Evrópusambandsins er ómarktækt. Innan ESB, og í Noregi, hefur hlutverk sjávarútvegsins fyrst og fremst verið að skapa atvinnu, fremur en að áhersla hafi verið lögð á sjálfstæði atvinnugreinarinnar og aukna arðsemi. Á Íslandi gegnir sjávarútvegurinn þó stóru hlutverki á báðum vígstöðum, á vinnumarkaði og með miklu framlagi sínu til landsframleiðslu.

Afli við Íslandsstrendur og heimsaflinn

Aukin arðsemi og hagkvæmari rekstur sjávarútvegsfyrirtækja var ekki eina markmið kvótakerfisins né eina afleiðing þess. Hagkvæm nýting fiskistofnanna var einnig mikilvægt atriði en með nýrri fiskveiðistjórnun átti að leita fleiri leiða til að koma í veg fyrir ofveiði.



Mynd 54
Heimild: FAO (2011)

Á mynd 54 má sjá þorskafla Íslendinga frá miðri síðustu öld og hlutfall þorskaflans af heimsafla í þorski (e. atlantic cod). Frá og með miðjum áttunda áratugnum jókst hlutdeild íslenskra veiðiskipa í heildarþorskafla á heimsvísu statt og stöðugt og árið 1980 var hlutfallið orðið nærri fimmtungur af heimsafla í þorski. Rétt fyrir innleiðingu kvótakerfisins, á níunda áratugnum, minnkaði hlutdeild íslenskra skipa í heimsafla þorsks vegna verulegrar minnkunar í leyfilegum þorskafla í kjölfar skýrslu Hafrannsóknarstofnunarinnar um slæma stöðu þorskstofnsins við Íslandsstrendur. Veiðin tók þó fljótlega við sér og náði hámarki sem hlutfall af heimsafla árið 1993.

Athyglisvert er að þrátt fyrir nær stöðugan samdrátt í þorskafla Íslendinga frá árinu 1987 þá hefur hlutfall veidds þorsks íslenskra lögaðila af heimsafla í þorski á sama tíma hækkað verulega, ef frá eru talin stutt tímabil á tíunda áratugnum og síðasta skerðing þorskaflans árið 2007. Þetta ætti að vera til marks um að á síðustu áratugum hafi tekist að vernda þorskstofnana við Íslandsstrendur hlutfallslega betur en annars staðar í heiminum.

Ýmis hugtök

Aflaheimild: Veiðiheimild. Oft notað sem samheiti aflamarks og aflahlutdeildar[21]. Gjarnan nefnt kvóti.

Aflahlutdeild: Úthlutun til skips af leyfðum heildarafla tegundar, þ.e. fast hlutfall af úthlutuðum heildarafla tegundar. Aflahlutdeild helst óbreytt milli ára[22]. Oft talað um aflahlutdeild sem hlutfall af heild (%).

Aflamark: Ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skips í þeim heildarafla. Oft er talað um aflamark í tonnum, þ.e. hversu mikið skip getur veitt í tonnum. Mögulegt hefur verið að leigja frá sér aflamarkið[23]. Skip sem er ekki handhafi aflahlutdeildar og fær því ekki úthlutað aflamarki getur leigt til sín aflamark ef það hefur veiðileyfi.

Dæmi: skip hefur x% hlutdeild í heildarafla í þorski og má því veiða y tonn af þorski.

Dæmi: skip hefur 0% hlutdeild í heildarafla í þorski en má leigja y tonn af þorski af skipi sem hefur aflamark í þorski til umráða vegna aflahlutdeildar sinnar.

Botnfiskur/Bolfiskur: Fisktegund sem heldur sig við hafsbotninn. Ýsa, þorskur, karfi, ufsi og grálúða eru dæmi um botnfiska.

Fiskveiðiár: 12 mánaða tímabil, frá 1. september til 31. ágúst[24].

Kvóti: Aflaheimild, eða veiðiheimild.

Lóðrétt samþætting: Eitt fyrirtæki sér um mörg stig framleiðslu sem annars færi fram í mörgum fyrirtækjum.

Ólympískar veiðar: Veiðar þar sem heildarafli er takmarkaður en afli hvers báts ræðst fyrst og fremst af sókn.[25]

Rentusókn: (Hagfræðilegt hugtak) Kostnaður fellur til þegar aðilar keppast um að stækka hlut sinn í ákveðnum auð, sem nú þegar er til staðar, í stað þess að nýta kostnaðinn í skapa meiri auð. Þar sem kostnaður fellur til en enginn nýr auður skapast þá minnkar samanlagður auður samfélagsins.

Uppsjávarfiskur: Helstu tegundir uppsjávarfiska sem veiddir eru við Ísland eru kolmunni, loðna, makríll og síld.

Þorskígildi: Notað til samanburðar á verðmæti nytjastofna í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þorskígildin eru reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda, sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, af verðmæti slægðs (unnins) þorsks. Til grundvallar útreikningi liggur heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu[26].

[21] Lög um stjórn fiskveiða 116/2006
[22] Lög um stjórn fiskveiða 116/2006
[23] Lög um stjórn fiskveiða 116/2006
[24] Lög um stjórn fiskveiða 116/2006
[25] Sérfræðihópur (2011)
[26] Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

Heimildir

Alþingi (2009). *Lög um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009*. Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: http://www.althingi.is/lagas/139a/2009129.html

Alþingi (2011a). *Lög um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði) nr. 70/2011.* Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: http://www.althingi.is/altext/139/s/1804.html

Alþingi (2011b). *Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða þskj. 1475*. Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: http://www.althingi.is/altext/139/s/1475.html

Auðlindanefnd (2000). *Álitsgerð.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/Skyrsla_Audlindanefndar_final.pdf

Búnaðarsamband Suðurlands (BSSL) (2011). Frétt: Skuldir kúabúa gríðarlega þungar. Sótt af heimasíðu BSSL í september 2011: http://www.bssl.is/PrentaFrett.asp?aID=4240

Bændasamtök Íslands (2011). *Verð á greiðslumarki.* Sótt af heimasíðu Bændasamtaka Íslands í september 2011: http://www.bondi.is/pages/204

Endurskoðunarnefnd fiskveiðistjórnunar (2001). *Álitsgerð.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/endurskodunarn_fri.pdf

Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO) (2011). *Species Fact Sheets: Gadus morhua*. Sótt af heimasíðu FAO í september 2011: http://www.fao.org/fishery/species/2218/en

Hafrannsóknarstofnun (2011). *Nytjastofnar sjávar 2010/2011. Aflahorfur fiskveiðiárið 2011/2012.* Sótt af heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar í júní 2011: http://www.hafro.is/Astand/2011/ASTANDSSKYRSLA_HAFRANNSOKNASTOFNUNARINNAR_2011.pdf

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *The Role of the Fishing Industry in the Icelandic Economy. A historical Examination.* Sótt af heimasíðu Hagfræðistofnunar í júní 2011: http://www.ioes.hi.is/publications/wp/w0307.pdf

Linda B. Bryndísardóttir (2011). *Ekki er allt sem sýnist: Mat á þjóðhagslegri arðsemi sjávarútvegs.* Sótt af Skemmunni í júní 2011: http://skemman.is/item/view/1946/8189

Ríkisskattstjóri (2011). *Skattatölfræði: Álagning lögaðila,* Sótt af heimasíðu ríkisskattstjóra í september 2011: www.rsk.is

Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries (STECF) (2009). The 2009 Annual Economic Report on the European Fishing Fleet. European Commission Joint Research Centre. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries (STECF) (2010). The 2010 Annual Economic Report on the European Fishing Fleet. European Commission Joint Research Centre. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Seafood Source News (2011). Damanaki: „Sufficient fisheries data needed". Sótt af heimasíðu Seafood Source News í júní 2011: http://www.seafoodsource.com/newsarticledetail.aspx?id=10380

Sérfræðihópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (2011). *Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/grg_hagraen_ahrif.pdf

Sjávarútvegsráðuneytið (2004). *Frétt: Veiðigjald lagt á í fyrsta sinn.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/sjreldra/nr/833

Sjávarútvegsráðuneytið (2011a). *Upplýsingaveita sjávarútvegsráðuneytisins.* Heimasíða: http://old.fisheries.is/islenska/stjornun/stjornk.htm

Sjávarútvegsráðuneytið (2011b). *Íslensk þýðing á spurningum og svörum um sjávarútveg í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/ESB_sjavarutvegur_tyding.pdf

Sjávarútvegsráðuneytið (2011c). *Frétt: Veiðigjald næsta árs verður 9,46 kr á hvert þorskígildiskíló.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júlí 2011: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10578

Sjávarútvegsráðuneytið (2011d). *Frétt: Breyting á lögum um stjórn fiskveiða.* Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10531

Utanríkisráðuneytið (2008). *Styrkjakerfi Evrópusambandsins í sjávarútvegi.* Sótt af heimasíðu utanríkisráðuneytisins í júní 2011: http://bit.ly/oNZjxM

Gögn:
Ársreikningar fyrirtækja
Fiskeridirektoratet: www.fiskeridir.no
Fiskistofa: www.fiskistofa.is
Hagstofa: www.hagstofa.is
Skipaskrá: www.sax.is
Statistics Norway: www.ssb.no
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Seðlabanki Íslands